

Ég styð þingsályktunartillögu nr. 143.

Ég heiti Helgi Grímur og er tuttugu og tveggja ára gamall nemi í Listaháskólanum.

Ég er á braut sem heitir Sviðshöfundarbraut.

Ég á mér draum um að námið sem ég sæki kosti ekki ógeðslega mikið og að aðstaðan sem ég bý að eftir að hafa borgað ógeðslega mikið (ekki nema að draumurinn hérna að ofan rætist) sé mannsæmandi.

Í dag er hún það því miður ekki, en ég hef trú á því að það muni lagast.

Börn voru færð úr Kárnesskóla af því að þau eiga að fá að njóta vafans.

Ég er mjög sammála því.

Við listnemar og kennarar eigum samt líka að fá að njóta vafans.

Ef það er vafi um að umhverfi sé heilsuspillandi eiga öll mannsbörn að fá að njóta hans.

Meira að segja mannsbörn sem spila á klarinett eða jafnvel trúðar.

Síðan er hægt að fara út í mál eins og hversu óheppileg rýmin eru fyrir hverja deild fyrir sig, hversu mikið plássleysi ríkir og hvað manni finnst vegið að listajarðvegi landsins með því að viðhalda þessu ástandi, en ég ætla ekki að gera það hér.

Ég fagna þessari þingsályktunartillögu og vona að hún verði fljótlega afgreidd.

Takk fyrir að hlusta og áfram gakk,

Helgi Grímur Hermannsson